

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Hvammur 2, L166772, Flúðum.*

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Hvamm 2 á Flúðum. Í breytingunni felst breytt lega og breyttar byggingarheimildir innan byggingarreits C. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús með bílskúr innan reitsins og að heimilt verði að stofna lóð umhverfis reitinn.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. maí 2024.

*Deiliskipulag, Hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Neðri-Hveradalir, reitur 10.*

Lögð er fram tillaga sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradali. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Sama svæði var fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 21. apríl 2023. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að byggja allt að 20 m<sup>2</sup> þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. apríl 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 29. maí 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 13. júní 2024